

Alþingi
Erindi nr. P 143/709
komudagur 18.12.2013



Nefndarsvið skrifstofu Alþingis

Austurstræti 8 - 10

Reykjavík 18.12.2013

Efni: Umsögn um þingskjal 277, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/2003

Ákvæði í frumvarpinu sem snúa að Endurvinnslunni hf. eru samin með hliðsjón af þeim lögum sem gilda á norðurlöndunum og hafa gefist þar ágætlega.

Í eldri lögum hefur ákvæði um greiðsluskyldu fríhafnar, frílagera, flugfara og veitingareksturs fríhafna verið talin óljós, en þessar vörur koma allar til Endurvinnslunnar hf. þar sem þeirra er neytt hér á landi. Íslensk skip þurfa t.d. að koma með drykkjarumbúðir í heimahöfn, þó að þeirra sé neytt á hafi og þær koma því einnig til Endurvinnslunnar hf. Endurvinnslan hf. er því brennt af þessu og því er óskað eftir að þetta verði mjög skýrt í nýjum lögum, en helsta ákvæði þar er nú í ábyrgðarlutanum;

„Seljandi drykkjarvöruumbúða sem falla undir lög þessi og seldar eru í tollfrjálsri verslun hér á landi ber ábyrgð framleiðanda og innflytjanda samkvæmt lögum þessum.“

Ábending okkar hefur legið í því að lögin taki af allan vafa í þessum málum.

Að öðru leiti gerir Endurvinnslan ekki athugasemdir við þetta frumvarp.

Virðingarfyllst,

Helgi Lárusson

Endurvinnslan hf.